

ekki því, að lausamaður geti unnið sjer framfærslu með leyfislausri dvöl í einhverri sveitsbr. 45
dómsmálastj. br. 31. maí 1858 (tíð. um stjórnarmálefni I. bls. 221). Heldur ekki getur það haft 16. apríl
neina þýðingu með tilliti til úrskurðar þessa máls að Ingimundur hefir ekki galdið nein gjöld
í Álptanesshreppi, nje það atriði, að hann hefir verið álitinn heimilisfastur fyrir utan
hreppinn, úr því að það er ekki sannað, að hann hafi borgað almenn gjöld eða haft fast
heimili í nokkurri annari sveit á þeim árum, er hjer er um að ræða.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, verð jeg að vera yður herra amtmað-
ur samdóma um, að Ingimundur hafi verið búinn að vinna sjer sveit í Álptanesshreppi,
þegar hann leitaði styrks í Grímsnesshreppi.

Um sama leyti og Ingimundur leitaði sveitarstyrks, eða á árinu 1869, skýrði
hrepptjórinn þar sýslumanninum í Árnessýslu frá, hvernig ástatt væri fyrir honum, og
að hann samkvæmt skýrslu sinni væri sveitlægur í Álptanesshreppi. Sýslumaðurinn í
Árnessýslu skrifaði sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu um málið; en eftir að
Álptanesshreppur með brjefi frá 29. nóvbr. 1869 hafði skorazt undan að játa Ingimund
þar sveitlægan, lá málið niðri, þangað til að sýslumaðurinn í Árnessýslu 15. febr 1876
tók próf í því. Þjer hafið herra amtmaður álitid, að Grímsnesshreppi beri að hafa
ábyrgð á þessum drætti, og að því ekki geti orðið spurning um endurgjald handa hon-
um á meira en því, sem hefir verið lagt með hlutaðeigandi þurfamanni frá byrjun ár-
sins 1876, og verð jeg, eftir því sem á stendur, einnig að vera yður samdóma um það.
Grímsnesshreppi virðist að hafa verið innanhandar, undir eins og honum var birt
brjef Álptanesshrepps frá 29. nóvbr. 1869, að krefjast úrskurðar amtsins á málinu, og
þar sem ekkert liggur fyrir um, að hreppurinn hafi gjört það eða hreyft málinu á þeim
6 árum, sem liðu þangað til sýslumaðurinn hinn 15. febrúar 1876 tók hið nefnda próf
í málinu, virðist það á góðum rökum byggt að undan þiggja Álptanesshrepp frá því að
endurgjalda Grímsnesshreppi það, sem hann lagði með þurfamanninum þessi ár.

Úrskurður sá, er þjer herra amtmaður hafið lagt á þetta mál, skal því órask-
aður standa, og ber að ákveða samkvæmt brjefi mínu frá 17. september 1878 (stjórnar-
tíðindi B. 144), hve mikið hver um sig af þeim 2. hreppum, er Álptanesshreppi hefir
verið skipt í, skuli endurgjalda af því, sem Grímsnesshreppur hefur lagt með Ingimundi
Sturlusyni frá byrjun ársins 1876.

Á æ t l u n

um V.—VIII. ferð landpóstanna 1881 og I.—III. ferð þeirra árið 1882.

46
29. apríl.

Póstferðirnar	Póststöðvarnar.	Burtfarardagar póstanna.						
		1881				1882.		
		V.	VI.	VII.	VIII.	I.	II.	III.
I. milli	Ísafjörður	14. júlí	18. ág.	27. sept.	8. nóv.	13. jan.	3. marz.	21. apr.
Ísafjarðar	Vatnsfjörður	15. —	19. —	28. —	9. —	14. —	4. —	22. —
og Reykja-	Bær	16. —	20. —	29. —	10. —	15. —	5. —	23. —
víkur,	Márskelda	17. —	21. —	30. —	11. —	16. —	6. —	24. —
	Hjarðarholt	18. —	22. —	1. okt.	12. —	17. —	7. —	25. —
	Arnarholt	20. —	24. —	3. —	14. —	19. —	9. —	27. —
A. frá	Hestur	20. —	24. —	3. —	14. —	19. —	9. —	27. —
Ísafirði.	Saurbær	21. —	25. —	4. —	15. —	20. —	10. —	28. —
	Mosfell	21. —	25. —	4. —	16. —	21. —	11. —	28. —

46
29. apríl.

Póstferðirnar	Póststöðvarnar.	Burtfarardagar póstanna.						
		1881				1882		
		V.	VI.	VII.	VIII.	I.	II.	III.
B. frá Reykjavík.	Reykjavík	2. ág.	3. sept	22. okt.	6. des.	7. febr.	27. marz.	8. maí
	Mosfell	2. —	3. —	22. —	6. —	7. —	27. —	8. —
	Saurbær	3. —	4. —	23. —	7. —	8. —	28. —	9. —
	Hestur	3. —	4. —	23. —	8. —	9. —	29. —	9. —
	Arnarholt	4. —	5. —	24. —	9. —	10. —	30. —	10. —
	Hjarðarholt	6. —	7. —	26. —	11. —	12. —	1. apr.	12. —
	Márskelda	6. —	8. —	27. —	12. —	13. —	2. —	13. —
	Bær	7. —	9. —	28. —	13. —	14. —	3. —	14. —
	Vatnsfjörður	8. —	10. —	29. —	14. —	15. —	4. —	15. —
II. 1. milli Akureyr- ar og Reykja- víkur. A. frá Akureyri.	Akureyri	14. júlí	18. ág.	27. sept.	8. nóv.	13. jan.	3. marz	21. apr.
	Steinsstaðir	15. —	19. —	28. —	9. —	14. —	4. —	22. —
	Viðimýri	16. —	20. —	29. —	10. —	15. —	5. —	23. —
	Bólstaðarhlíð	16. —	20. —	29. —	10. —	15. —	5. —	23. —
	Reykir.	17. —	21. —	30. —	11. —	16. —	6. —	24. —
	Sveinsstaðir	18. —	22. —	1. okt.	12. —	17. —	7. —	25. —
	Lækjamót	18. —	22. —	1. —	12. —	17. —	7. —	25. —
	Staðarbakki	19. —	23. —	2. —	13. —	18. —	8. —	26. —
	Staður í Hrútafirði	20. —	24. —	3. —	14. —	19. —	9. —	27. —
	Arnarholt	22. —	26. —	5. —	16. —	21. —	11. —	29. —
	Hestur	22. —	26. —	5. —	16. —	21. —	11. —	29. —
	Saurbær	23. —	27. —	6. —	17. —	22. —	12. —	30. —
	Mosfell	23. —	27. —	6. —	18. —	23. —	13. —	30. —
B. frá Reykjavík.	Reykjavík	1. ág.	2. sept.	21. okt.	5. des.	6. febr.	27. marz	6. maí
	Mosfell	1. —	2. —	21. —	5. —	6. —	27. —	6. —
	Saurbær	2. —	3. —	22. —	6. —	7. —	28. —	7. —
	Hestur	2. —	3. —	22. —	7. —	8. —	29. —	7. —
	Arnarholt	3. —	4. —	23. —	8. —	9. —	30. —	8. —
	Staður í Hrútafirði	5. —	6. —	25. —	10. —	11. —	1. apr.	10. —
	Staðarbakki	5. —	7. —	26. —	11. —	12. —	2. —	10. —
	Lækjamót	6. —	7. —	26. —	11. —	12. —	2. —	11. —
	Sveinsstaðir	6. —	8. —	27. —	12. —	13. —	3. —	12. —
	Reykir	7. —	8. —	27. —	12. —	13. —	3. —	12. —
	Bólstaðarhlíð	7. —	9. —	28. —	13. —	14. —	4. —	13. —
	Viðimýri	8. —	10. —	29. —	14. —	15. —	5. —	14. —
	Steinsstaðir	9. —	11. —	30. —	15. —	16. —	6. —	15. —
II. 2. milli Seyð- isfj. og Akureyr. A. frá Seyðisfirði	Seyðisfjörður	26. júlí	10. sept.	15. okt.	26. nóv.	16. jan.	18. marz	9. maí
	Höfði	27. —	11. —	16. —	27. —	17. —	19. —	10. —
	Hofteigur	28. —	12. —	17. —	28. —	18. —	20. —	11. —
	Grimsstaðir	29. —	13. —	18. —	29. —	19. —	21. —	12. —
	Reykjahlið	30. —	14. —	19. —	30. —	20. —	22. —	13. —
	Grenjaðarstaður	31. —	15. —	20. —	1. des.	21. —	23. —	14. —
	Ljósavatn	31. —	15. —	20. —	1. —	21. —	23. —	14. —
B. frá Akureyri.	Akureyri	18. ág.	30. sept.	11. nóv.	20. des.	25. febr.	12. apríl	25. maí
	Ljósavatn	18. —	1. okt.	12. —	21. —	26. —	13. —	25. —
	Grenjaðarstaður	19. —	2. —	13. —	22. —	27. —	14. —	26. —
	Reykjahlið	20. —	3. —	14. —	23. —	28. —	15. —	27. —
	Grimsstaðir	21. —	4. —	15. —	24. —	1. marz	16. —	28. —
	Hofteigur	22. —	5. —	17. —	26. —	3. —	17. —	29. —
	Höfði	23. —	6. —	18. —	27. —	4. —	18. —	30. —

46

29. apríl.

Póstferðirnar	Póststöðvarnar.	Burtfarardagar póstanna.							
		1881				1882			
		V.	VI.	VII.	VII.	I.	II.	III.	
III. 1.									
milli R.vík-	Reykjavík	3. ág.	5. sept.	24. okt.	7. des.	8. febr.	28. marz	9. maí	
ur og	Hraungerði	4. —	6. —	25. —	8. —	9. —	29. —	10. —	
Prests-	Breiðabólstaður	5. —	7. —	26. —	10. —	11. —	30. —	11. —	
bakka A.	Skógar	6. —	8. —	27. —	11. —	12. —	31. —	12. —	
frá R.vík.	Vík	7. —	9. —	28. —	12. —	13. —	1. apríl	13. —	
	Mýrar	8. —	10. —	29. —	13. —	14. —	2. —	14. —	
B. frá	Prestsbakki	15. ág.	17. sept.	8. nóv.	19. des.	25. febr.	13. apríl	23. maí	
Prestsb.	Mýrar	16. —	18. —	9. —	20. —	26. —	14. —	24. —	
	Vík	17. —	19. —	10. —	21. —	27. —	15. —	25. —	
	Skógar	18. —	20. —	11. —	21. —	28. —	16. —	26. —	
	Breiðabólstaður	19. —	21. —	12. —	22. —	1. marz	17. —	27. —	
	Hraungerði	20. —	22. —	13. —	23. —	2. —	18. —	28. —	
III. 2.									
milli	Prestsbakki.	13. ág.	27. sept.	7. nóv.	17. des.	20. febr.	8. apríl	22. maí	
Prests-	Sandfell	15. —	29. —	9. —	19. —	22. —	10. —	24. —	
bakka og	Kálfafellstaður	17. —	1. okt.	11. —	21. —	24. —	12. —	26. —	
Eskifjarð-	Bjarnarnes	18. —	2. —	12. —	22. —	25. —	13. —	27. —	
ar.	Stafafell í Lóni	19. —	3. —	13. —	23. —	26. —	14. —	28. —	
A. frá	Djúpivogur	20. —	4. —	14. —	24. —	27. —	15. —	29. —	
Prestsb.	Höskuldsstaðir	21. —	5. —	15. —	25. —	28. —	16. —	30. —	
	Arnkellsstaðir	21. —	6. —	16. —	26. —	1. marz	17. —	31. —	
	Höfði (Vallnahr.)	22. —	7. —	17. —	27. —	2. —	18. —	1. júní	
B. frá	Eskifjörður	10. sept.	15. okt.	26. nóv.	1882 16. jan.	18. marz	9. maí	21. júní	
	Höfði (Vallnahr.)	11. —	16. —	27. —	17. —	19. —	10. —	22. —	
	Arnkellsstaðir	11. —	16. —	27. —	17. —	19. —	10. —	22. —	
	Höskuldsstaðir	12. —	17. —	28. —	18. —	20. —	11. —	23. —	
Eskifirði.	Djúpivogur	13. —	18. —	29. —	19. —	21. —	12. —	24. —	
	Stafafell í Lóni	14. —	19. —	30. —	20. —	22. —	13. —	25. —	
	Bjarnanes	15. —	21. —	2. des.	22. —	24. —	15. —	26. —	
	Kálfafellstaður	17. —	22. —	4. —	24. —	26. —	17. —	27. —	
	Sandfell	19. —	24. —	6. —	26. —	28. —	19. —	29. —	

a, Burtfarardagur póstins frá aðalpóststöðvunum: Reykjavík, Isafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Eskifirði, Prestsbakka og Stykkishólmi, er fastákveðinn við þann dag, sem nefndur er í ferðaáætluninni, snemma morguns, þannig að ekki sje lengur tekið við böggul- og peningasendingum en til kl. 7. kvöldið næst á undan. Við millistöðvarnar eru tilteknir þeir dagar, er póstarnir mega leggja af stað þaðan í fyrsta lagi, og ber að afgreiða póstinn þennan dag. eða svo fljótt sem unnt er eftir hann.

b, Hvorugur aðalpóstanna II. 2 og III. 2 má fara frá Höfða í Vallnahreppi, fyrr en þeir eru báðir komnir til þessarar póstaðgreiðslu og hvor um sig hefir tekið við þeim póstsendingum, sem hinn hefir meðferðis.

c, Aukapóstur skal fara frá afgreiðslustaðnum daginn eftir komu aðalpóstsins þangað, og snúa aptur frá endastöðvum aukapóstleiðarinnar svo fljótt, að hann geti náð aptur til fráfarastöðva sinna, áður en aðalpóstur kemur þar í apturleið; en aukapóstar eru þessir:

1. Gullbringusýslupóstur fer frá Reykjavík daginn eftir komu póstanna um Hafnarfjörð og Kálfatjörn til KEFLAVÍKUR, dvelur sólarhring þar, og snýr þá aptur til Reykjavíkur.

2. Stykkishólmspósturinn fer frá STYKKISHÓLMI snemma morguns eptirnefnda daga, þannig að ekki er tekið við böggul- og peningasendingum lengur en til kl. 7 kvöldið næst á undan:

V.	VI.	VII.	VIII.	I.	II.	III.
16. júlí	20. ágúst	29. sept.	10. nóvbr.	16. jan.	6. marz	24. apríl
1881.	1881.	1881.	1881.	1882.	1882.	1882.

og snýr hann aptur frá Arnarholti daginn eftir komu Reykjavíkurstóstsins þangað.

46
29. apríl.

Daginn eptir að póstur þessi er kominn frá Arnarholti að Raudekollsstöðum fer aukapóstur, þaðan um Staðastaði og Búðir út í Ólafsvík og snýr eptir sólarhringsdvöl þar aptur að Raudekollsstöðum sömu leið.

3. Dalasýslupóstur fer í síðasta lagi á þriðja degi eptir, að pósturinn er kominn frá Akureyri að Stað í Hrútafirði um Hjarðarholt í Dölum og Breiðabólstað á Skógarströnd til STYKKISHÓLMS, og snýr aptur eptir 3 daga dvöl þar sömu leið að Stað í Hrútafirði.

4. Barðastrandasýslupóstur fer frá Bæ í Reykhólasveit morguninn eptir að Reykjavíkurbóstur er þangað kominn, vestur að BÍLDUDAL, kemur við á Vatneyri vestur í leið, en á Brjámslæk báðar leiðir, og snýr aptur svo tímanlega, að hann geti náð aðalpóstinum frá Ísafirði í suðurleið hans.

5. Strandasýslupóstur fer daginn eptir komu Reykjavíkurbóstsins að Stað í Hrútafirði þaðan um Borðeyri, Prestsbakka og Hrófberg í Steingrímsfirði að KÚVÍKUM í Reykjarfirði, og snýr aptur svo tímanlega, að hann geti náð norðanpóstinum á Stað í Hrútafirði í suðurleið hans.

6. Ísafjarðarsýslupóstur fer frá Ísafirði um Holt í Önundarfirði að ÞINGEYRI við Dýrafjörð daginn eptir komu sunnanpóstsins á Isafjörð, og snýr hann aptur svo tímanlega, að hann geti verið kominn á Isafjörð í síðasta lagi kvöldinu fyrir fardag vestanpóstsins þaðan.

7. Skagastrandarpóstur fer frá Sveinsstöðum daginn eptir komu Reykjavíkurbóstsins þangað og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl á HÓLANESI.

8. Skagafjarðarpósturinn fer frá Víðimýri daginn eptir komu sunnanpóstsins þangað um Sauðárkrók og Hofsóð til SIGLUFJARÐAR og snýr aptur sömu leið eptir sólarhringsdvöl á Siglufirði.

9. Eyjafjarðarpósturinn fer frá Akureyri daginn eptir komu Reykjavíkurbóstsins þangað, að KVÍABEKK í Ólafsfirði og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl þar.

10. Þingeyjarsýslupóstur fer daginn eptir komu Akureyrarpóstsins að Grenjadarstað, þaðan um Húsavík, Skinnastaði, Prestshóla og Raufarhöfn að SAUÐANESI, og snýr aptur eptir tveggja sólarhringa dvöl þar.

11. Vopnafjarðarpóstur fer daginn eptir komu Akureyrarpóstsins að Grímsstöðum þaðan um Hof austur á VOPNAFJÖRÐ og snýr aptur til Grímsstaða eptir 3 daga dvöl þar.

12. Árnessýslupóstur fer frá Hraungerði um Ólafsvelli að REYKJUM á Skeiðum 2 dögum eptir komu póstsins frá Reykjavík, og snýr aptur hið fyrsta að unnt er.

13. Vestmannaeyjapóstur fer frá Breiðabólstað að KROSSI daginn eptir komu póstsins frá Reykjavík, og snýr aptur hið fyrsta að unnt er. Þegar pósttaska kemur frá VESTMANNAEYJUM að Krossi, skal henni komið svo snemma að Breiðabólstað, að hún komist á póstin frá Prestsbakka til Reykjavíkur.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 29. apríl 1881.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

EMBÆTTASKIPUN:

Hinn 23. dag marzmánaðar var prestinum að Stafafelli síra Páli Pálssyni veitt þingmúlaprestakall í Suðurmúlaprófastsdæmi.

S. d. var prestur að þingmúla síra Páll Pálsson settur til þess fyrst um sinn að þjóna Hallormsstaðarprestakalli í Suðurmúlaprófastsdæmi.

Hinn 5. dag maímánaðar var prestinum að Gilsbakka í Mýrarpófastsdæmi síra Jóni Hjartarsyni veitt lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum með 340 kr. eptirlaunum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.

S. d. var prestinum að Árnesi í Strandasýsluprófastsdæmi síra Sveinbirni Eyjólfssyni veitt lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum með 320 kr. eptirlaunum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.

Stjórnartíðindin 1880: Nokkur hept exemplör af stjórnartíðindunum fyrir árið 1880, fást keypt á ritstofu landshöfðingja fyrir 1 kr. 90 a.